



14. apríl 2023

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-69/2023 í samráðsgátt stjórnvalda**

*Fjárnám og nauðungarsala - stafræn málsmeðferð (áform um lagasetningu)*

Samkvæmt ofangreindum áformum er fyrirhugað að lögfasta heimild til stafrænnar málsmeðferðar í fjárnámsmálum og nauðungarsöllum. Jafnframt er lögð áhersla að bæta fræðslu og leiðbeiningar til málsaðila m.a. með því að auka gegnsæi málsmeðferðarinnar.

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi innleiðingu stafrænnar stjórnsýslu, svo lengi sem réttaröryggi einstaklinga sé tryggt. Það er þó nokkuð undarleg forgangsröðun þegar kemur að löggjöf á sviði fullnusturéttarfars að ráðast í slíkar breytingar án þess að huga fyrst almennt að endurskoðun löggjafarinnar í því skyni að bæta réttarstöðu einstaklinga. Til að mynda með því að leiðrétta þá villu sem var gerð við endurskoðun réttarfarslöggjafar árið 1991 að breyta nauðungarsölu úr dómsathöfn í stjórnsýsluathöfn. Samtökin hvetja til þess að tekið verði til athugunar að breyta lögum á þann veg að leita verði úrskurðar dómara um heimild til að fara fram á nauðungarsölu, að minnsta kosti í þeim tilvikum sem um er að ræða heimili gerðarþola. Heimilið nýtur friðhelgi samkvæmt stjórnarskrá sem á ekki að vera hægt að rjúfa án atbeina dómara með einfaldri stjórnvaldsathöfn.

Að því gefnu að áformin nái fram að ganga leggja Hagsmunasamtök heimilanna áherslu á að réttindi einstaklinga verði tryggð að minnsta kosti jafn vel og ef um hefðbundna málsmeðferð sé að ræða, þar á meðal með tilliti til persónuverndar. Málsmeðferð má ekki vera sjálfkrafa rafræn heldur aðeins með samþykki gerðarþola, enda er ljóst að ekki geta allir nýtt sér rafrænar lausnir, svo sem vegna fötlunar eða annarra erfiðleika við notkun tölvubúnaðar. Þar sem birting greiðsluáskorunar er jafnan skilyrði fyrir því að krefjast megi fjárnáms eða nauðungarsölu, á það sama við um slíkar tilkynningar að ekki á að vera nóg að birta þær eingöngu rafrænt nema viðtakandi staðfesti móttöku og veiti samþykki sitt fyrir slíkri birtingu með skriflegri yfirlýsingu um að hann viðurkenni hana sem fullnægjandi.

Loks taka Hagsmunasamtök heimilanna undir þá áherslu að bæta þurfi fræðslu og leiðbeiningar til málsaðila, ekki síst gerðarþola. Ekki má líðast að lögbundin leiðbeiningarskylda sé vanrækt eins og hefur því miður verið raunin í allt of mörgum tilvikum og er þörf á að bæta verulega úr því.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is